

Pakkaferð:

Er samsetning a.m.k. tveggja mismunandi tegunda ferðatengdrar þjónustu vegna sömu ferðar ef:

- a. þær eru settar saman af einum og sama seljanda, þ.m.t. að beiðni ferðamanns eða í samræmi við val hans, áður en einn samningur er gerður um alla þjónustuna, eða
- b. þjónustan, óháð því hvort gerðir eru aðskildir samningar við hvern þjónustuveitanda, er:
 1. keypt og valin á sama stað áður en ferðamaður samþykkir að greiða fyrir hana,
 2. boðin til sölu, seld eða krafist greiðslu fyrir hana á heildarverði,
 3. auglýst eða seld sem pakkaferð eða með hætti sem gefur slíkt til kynna,
 4. sett saman eftir að samningur er gerður og seljandi veitir ferðamanni rétt til að velja mismunandi tegundir ferðatengdrar þjónustu, eða
 5. keypt af mismunandi seljendum með hjálp samtengdra bókonarferla á netinu þar sem seljandinn, sem fyrsti samningurinn er gerður við, sendir nafn, greiðsluupplýsingar og tölvupóstfang ferðamannsins til annars eða annarra seljenda og samningur er gerður við þá innan 24 klst. frá staðfestingu bókonar fyrstu ferðatengdu þjónustunnar.

Það telst ekki pakkaferð ef aðeins ein tegund *ferðatengdrar þjónustu** skv. a–c-lið er samsett með annarri þjónustu við ferðamenn skv. d-lið ef sú þjónusta: a. nemur minna en 25% af virði samsettu þjónustunnar og er ekki mikilvægur þáttur hennar eða auglýst sem slík, eða b. er valin og keypt eftir að veiting *ferðatengdrar þjónustu** skv. a–c-lið er hafin.

**Ferðatengd þjónusta:*

- a. flutningur farþega,
- b. gisting sem hvorki er í eðlilegum tengslum við flutning farþega né til búsetu,
- c. leiga bifreiða og bifhjóla sem krefjast ökuréttinda í A-flokki,
- d. önnur þjónusta við ferðamenn sem ekki er í eðlilegum tengslum við ferðatengda þjónustu skv. a–c-lið.